

### **33. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna**

**19.-20. október 2023**

---

#### **Málefnnastarf - Húsnæðismál**

Húsnæðisöryggi er ekkert annað en mannréttindi launafólks og það neyðarástand sem hér ríkir í húsnæðismálum kallar á öflugar aðgerðir stjórnvalda. En á ný viljum við fara yfir þær aðgerðir sem eru brýnastar og skoða hvort eitthvað hafi breyst þegar kemur að húsnæðismálum og því að tryggja húsnæðisöryggi launafólks. Aðgerðarleysi er ekkert annað an uppskrift að áframhaldandi verðbólguþrýstingi og óstöðugleika. Við ekki sætt okkur við núverandi ástand og eru þessar hugmyndir hér til umræðu. Hvaða aðgerðir viljum við að stjórnvöld leggi áherslu á þegar kemur að húsnæðismálum?

1. Ríki og sveitarfélög stígi inn með stóraukið lóðaframboð
2. Þriðjungur nýbygginga á næstu tíu árum verði á viðráðanlegu verði fyrir almennt launafólk, byggt með beinum stuðningi ríkis og sveitarfélaga
3. Að lágmarki 5% íbúðarhúsnæðis næstu tíu ár verða félagslegt húsnæði
4. Yfirvöld komi að því að stofna og/eða styrkja lág- og óhagnaðardrifin húsnæðisfélög, m.a. með auknum stofnframlögum
5. Aukin aðkoma lífeyrissjóða að uppbyggingu íbúða verði skoðuð, ekki síst íbúða til leigu
6. Séreignarsparnaður verðu lögbundinn og launafólki heimilt að nýta hann til íbúðakaupa til eigin nota eða til að greiða niður íbúðalán
7. Hið opinbera tryggi fjölskyldum og einstaklingum sem eru á hrakhólum vegna stöðunnar húsnæði til skemmri tíma, t.d. með innfluttum húsnæðiseiningum eða öðrum lausnum
8. Settar verði frekari takmarkanir á skammtímaútleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna.
9. Sett verði á leigubremsa / leigupak til að leiga hækki ekki umfram kostnaðarhækkunir vegna húsnæðisins en fylgi eingöngu breytingum á samræmdri vísitölu neysluverðs sem Hagstofan reiknar og birtir mánaðarlega.
10. Hækka þarf húsaleigubætur í takt við hækkandi leiguverð sem og draga úr skerðingum vegna tekna.
11. Stjórnvöld standi við loforð sín sem gefin voru út í tengslum við Lífskjarasamninginn og auki stuðning við hagsmunasamtök leigjenda.